

Bekkjarnámskrá Íslenska – 1. bekkur
Skólaárið 2025 -2026



Kennarar: Elísa Sveinsdóttir og Halldóra Björk Guðmundsdóttir

Tímafjöldi: 8 kennslustundir á viku

Markmið

- haft lestrarhraða upp á 20-55 orð á mínútu
- kunnað stafrófið
- kunnað samhljóða
- kunnað sérhljóða
- lært að ríma
- kunnað að draga rétt til stafs
- látið stafi sitja á línu
- haldið jöfnu og hæfilegu bili á milli stafa og orða
- svarað spurningum úr stuttum texta
- kunnað að texti byrjar á stórum staf og endi á punkti
- kunnað sögugerð (upphaf, miðja, endir)
- fengið kynningu á samheitum
- fengið kynningu á andheitum

Námsefni

- Lestrarlandið 1 og 2 (og +)

- Ritrún 1 Lestrarlandið
- Skrift 1
- Tölur skriftaræfingar
- Ýmsar skriftaræfingar
- Léttlestrarbækur við hæfi hvers og eins
- Ljósrituð vinnuhefti
- Orðaspjall
- Sögubókin mín

Kennsluaðferðir

Þjálfuð eru frumatriði skriftar svo sem réttar líkamsstillingar, rétt grip á skriffæri, grunnform stafa/talna og frágangur. Kennd er ítölsk skrift með tengikrókum. Nemendur læra að skrifa bókstafina um leið og þeir eru lagðir inn.

Unnið er með bókstafina bæði heiti og hljóð en einnig heilar orðmyndir. Þegar nemendur hafa náð tengingu fá þeir léttlestrarbækur sem stigþyngjast. Um leið og nemendur geta lesið fá þeir lestrarbækur við hæfi og lesa heima daglega.

Lesskilningur og málfræðilegir þættir þjálfaðir með vinnubókum, samræðum, spilum, leikjum og verkefnavinnu. Nemendur fá einnig tækifæri til að tjá sig fyrir framan skólasystkini sín og segja frá eigin reynslu og upplifun. Einnig eru þeir hvattir til að tala skýrt og segja skipulega frá. Lögð er áhersla á að nemendur hlusti með athygli og sýni flytjendum tillitssemi.

Námsmat

Bókstafakannanir verða gerðar í september. Í október taka nemendur Leið til læsis, lesskimun. Hraðlestrarpróf eru í janúar og maí, nemendur fá einkunn hversu mörg orð á mínútu í lestri. Kannanir í lesskilningi, verkefni og skriftarbækur ,umræður og frásagnir nemenda metin.

Hæfniviðmið – námsþættir

Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitt skýrum og áheyrulegum framburði.
- Getur sagt frá atburði eða fyrirbæri og tjáð sig frammi fyrir hópi.
- Getur hlustað og horft af athygli á valið efni og greint frá upplifun sinni.

Lestur og lesskilningur

- Getur þekkt og beitt einföldum aðferðum við lestur.

Bókmenntir

- Getur unnið með ævintýri og sögur ætluð börnum.

Ritun

- Getur dregið rétt til stafs, skrifað skýrt og læsilega.

Mál og málnotkun

- Getur áttað sig á sköpunarmætti tungumálsins svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki.

Bekkjarnámskrá Stærðfræði – 1. bekkur
Skólaárið 2025 -2026



Kennari: Elísa Sveinsdóttir og Halldóra Björk Guðmundsdóttir

Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku

Markmið

- tekið þátt í samræðum um stærðfræði
- leyst stærðfræðiþrautir
- túlkað og notað einföld stærðfræðitákn svo sem $+$ $-$ $=$
- notað talnagrind, talnalínu, kennslupeninga, einingakubba
- unnið með stærðfræðihugtök
- notað náttúrulegar tölur
- notað helstu aðferðir við reikningsdæmi
- flokkað hluti eða myndir eftir eiginleikum, lit, lengd o.s.frv.
- notað talnalínu
- skráð tölur og skrifað upp að 20
- sett upp „mjög“ einföld dæmi
- vitað muninn á tug og einingu
- þekkt klukkuna (heill tími)
- unnið með munstur og líkön
- notað hugtök úr rúmfræði svo sem form og stærðir

- gert grein fyrir tví- og þrírvíðum formum
- talið og flokkað hluti úr sínu nánasta umhverfi

Námsefni

- Sproti 1a og 1b, nemendabækur og æfingabækur
- kubbar, smáhlutasafn, teningar og fleira
- rúðubók
- ýmis aukaverkefni

Kennsluaðferðir

Bóka og verkefnavinna. Spil og leikir. Unnið er með tölurnar frá 0 – 20. Lögð er áhersla á að tengja stærðfræðina reynsluheimi nemenda, umhverfi og daglegu lífi. Jafnframt er leitast við að vinna hlutbundið og í gegnum leik, þannig að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar.

Námsmat

Fylgst er með framvindu náms hvers nemanda jafnt og þétt yfir skólaárið

Kaflapróf

Umræður og verkefni (einstaklings og hópverkefni)

Hæfniviðmið – námsþættir

Vinnulag stærðfræðinnar

- Getur notað rétt heiti yfir stærðfræðitákni og nýtt þau rétt við útreikninga.
- Getur unnið, einn og í samvinnu, að lausnum á stærðfræðilegu viðfangsefni með því að kanna og rannsaka.

Tölur og reikningar

- Getur raðað náttúrulegum tölum.

Algebra

- Getur kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnarunum og myndrænum mynstrum og spáð fyrir um framhald mynsturs.

Tölfræði og líkindi

- Getur safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið og túlkað á einfaldan hátt.

Rúmfræði og mælingar

- Getur notað hugtök úr rúmfræði, til að lýsa hlutum í umhverfi sínu.

Bekkjarnámskrá Náttúrugreinar – 1. bekkur
Skólaárið 2025 -2026



Kennari: Elísa Sveinsdóttir og Halldóra Björk Guðmundsóttir

Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku

Markmið

- Kynnist nánasta umhverfi
- Verði meðvituð um verndun umhverfisins
- Þekki líkamann
- Þekki íslensku húsdýrin

Námsefni

- Komdu og skoðaðu líkamann
- Bækur um dýrin
- Komdu og skoðaðu kortin (mögulega)
- Verkefnahefti tengd hæfniviðmiðum (umhverfi)

Kennsluaðferðir

Nám í náttúrufræði er ætlað til að víkka sjóndeildarhring nemenda, byggja upp þekkingu og efla skilning þeirra á umhverfinu. Stefnt verður á að fara í vettvangsferðir og skoða okkar nánasta umhverfi til að efla þekkingu nemenda. Nemendum verður kennt að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru. Áhersla verður lögð á sem fjölbreyttustu kennsluhætti og verða aðrar námsgreinar fléttaðar inn í náttúrufræðikennsluna.

Námsmat

Verkefni, umræður, verkefnabækur, virkni í tímum

Hæfniviðmið – námsþættir

Vinnulag náttúruvísinda

- Getur framkvæmt einfaldar athuganir og skráð mælingar.

Umhverfið

- Getur sagt frá og áttað sig á náttúruvernd í nærumhverfi sínu.
- Getur gert sér grein fyrir nokkrum einkennum veðurfars.
- Getur gengið vel um umhverfið og átti sig á mikilvægi þess.

Lífið

- Getur rætt um helstu einkenni lífvera og lífsskilyrði þeirra.
- Getur lýst helstu einkennum valinna dýra.
- Getur lýst byggingu og starfsemi mannslíkamans á einfaldan hátt.
- Getur tjáð sig á einfaldan hátt um einkastaði líkamans og borið virðingu fyrir þeim.
- Getur rætt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu, hvíldar og svefns.

Efnin

- Getur þekkt og flokkað algeng efni.

Orkan

- Getur útskýrt muninn á heitu og köldu.

Alheimurinn

- Getur nefnt dæmi um náttúruhamfarir sem búast má við á Íslandi.

Bekkjarnámskrá Samfélagsgreinar- 1. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Elísa Sveinsdóttir og Halldóra Björk Guðmundsdóttir

Tímafjöldi: 4 kennslustundir á viku

Markmið

- Kynnist nánasta umhverfi og sjálfum sér
- Sjálfsmynd og hegðun
- Viðsýni
- PBS
- Jákvæð samskipti

Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi

Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast. Áherslur 1. bekkjar eru fjölskyldur, vinátta, umhyggja, umburðarlyndi, virðing og jafnrétti kynjanna.

Unicef

Haustönn vinnum við verkefnið Bekkjarsjáttamáli

Á vorönn vinnum við verkefnið Til hamingju með afmælið

Námsefni

PBS

Blái hnötturinn

Eineltisbækur

Aðrar skemmtilegar bækur um hegðun, líðan og fleira

Kennsluaðferðir

Í kennslunni er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti: framsögn, einstaklingsvinnu, samvinnu, þemavinnu, vettvangsferðir, hlutverkaleiki og fleira.

Námsmat

Verkefni, umræður, verkefnabækur, virkni í tímum

Hæfniviðmið – námsþættir

Vinnulag samfélagsgreina

- Getur rætt um samfélagið.
- Getur sett sig í spor jafnaldra.
- Getur miðlað þekkingu sinni og skoðunum.
- Getur tekið þátt í samstarfi og sameiginlegum ákvörðunum í jafningjahópi.

Sjálfsmynd

- Getur sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af uppruna, búsetu og fjölskyldu.
- Getur áttað sig á mikilvægi næringar, hvíldar, svefns, hreyfingar og hreinlætis.
- Getur áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, tilhlökkun, sorg og reiði.

- Getur sýnt sjálfum sér og öðrum virðingu.

Siðferði og trú

- Getur áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform.

Borgarvitund

- Þekkir til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Getur áttað sig á að hver einstaklingur er hluti af stærra samfélagi.
- Getur sagt frá nokkrum stofnunum samfélagsins.
- Getur varast hættur á heimili sínu, í umferðinni og nærumhverfi.
- Getur sagt frá umferðarreglum og farið eftir þeim.
- Getur rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.

Saga

- Getur áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar.

Jörðin okkar

- Getur gert sér grein fyrir mikilvægi sínu í umgengni um náttúruna.

Bekkjarnámskrá Hringekja – 1. bekkur
Skólaárið 2025 -2026



Kennarar: Elísa Sveinsdóttir og Halldóra Björk Guðmundsdóttir

Tíma fjöldi: 2-3 kennslustundir á viku

Markmið

Sjónlist er í eðli sínu skapandi námsferli. Að taka þátt í að skapa, greina og njóta listar stuðlar að því að nemendur þjálfast í að upplifa list ásamt því að þróa með sér samkennd, umburðarlyndi og gagnrýninn skilning á heiminum. Alls staðar í umhverfi okkar er sjónrænt áreiti sem mikilvægt er fyrir nemendur að læra að lesa og greina.

Einnig læra nemendur að samhæfa hug og hönd, temja nemendum rétt vinnubrögð, rétta og örugga notkun áhalda. Áhersla lögð á frjálslega og skapandi vinnu, ásamt þjálfun fínhyfinga, vandvirkni og sjálfstæði. Nemendur læra að klippa efni, nota skæri og vinna með ýmis efni.

Námsefni

Fjölbreytt verkefni.

Blöð, skæri, lím, perlur, skraut, efni, sniðapappír, dúska skapalón, tölur, málning og fleira.

Kennsluaðferðir

Námsefni og sýnikennsla hjá kennara ásamt frjálsum og skapandi verkefnum.

Námsmat

Skoðað vinnubrögð, sjálfstæði og beitingu nemanda.

Teikningar, færni í að klippa og líma.

Textílverkefni með ýmsum efnum.

Hæfniviðmið – námsþættir

- Getur farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld og sinnt viðeigandi frágangi.
- Getur valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan.
- Getur nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.
- Getur notað einfaldar aðferðir og beitt viðeigandi áhöldum.
- Getur unnið úr nokkrum gerðum textílefna.
- Getur beitt líkamanum rétt við vinnu sína.
- Getur skreytt textílvinnu á einfaldan og skapandi hátt.

Bekkjarnámskrá Sund – 1. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Birna Björk Þorkelsdóttir

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið

Læra allar helstu sundaðferðir og geta notað þær til líkamsræktar og ánægju.

Námsefni

Öll helstu áhöld sundlauga, sundfit, kork, kútar og fleira.

Kennsluaðferðir

Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu. Æfingar sem gerðar eru á sundstigsprófum eru æfðar yfir veturinn með endurteknum æfingum.

Námsmat

Frammistöðumat: Virkni nemenda í tímum skráð til bókar. Verklegt próf, nemendur taka sundpróf og ljúka 1. sundstigi.

Hæfniviðmið – námsþættir

- Getur tekið þátt í fjölbreyttum leikjum í vatni.
- Getur notið sín í vatni.
- Getur bjargað sér í vatni.

Bekkjarnámskrá Skólaíþróttir – 1. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Birna Björk Þorkelsdóttir, Frans Elvarsson og Hjörtur Fjeldsted

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Markmið

Markmið er að örva hreyfifroska nemenda og efla afkastagetu þeirra. Efla félagsþroska nemenda í formi leikja og samvinnu. Kenna þeim ábyrgð á eigin heilsu með því að tileinka sér markvissa ástundun, íþróttar eða líkams- og heilsurækt.

Námsefni

Öll almenn áhöld íþróttahúsa

Kennsluaðferðir

Námið fer að miklu leyti fram í leikjaformi þar sem nemendur virkja hreyfiförf, efla skynfæri líkamans og styrkja gróf-og fínhyrfingar. Byrjað er að kenna grunnatriði ýmissa íþróttagreina.

Námsmat

Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun eru matsþættir sem íþróttakennari metur jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemandi fær einkunn sem er síðan reiknuð út úr matsþáttum.

Hæfniviðmið – námsþættir

Líkamsvitund, færni og afkastageta

- Getur gert æfingar sem reyna á þol í íþróttum.
- Getur gert æfingar sem styrkja hreyfifærni líkamans.
- Getur gert almennar liðleikaæfingar.

- Getur gert hreyfingar sem styðja við samhæfingu hægri og vinstri.
- Getur gert einfaldar rytmískar æfingar.
- Getur tekið þátt í boltaleikjum og sýnt boltafærni.
- Getur tekið þátt í æfingum með áherslu á mótun hreyfifroska.
- Getur tekið þátt í stöðluðum prófum.

Félagslegir þættir

- Getur sýnt virkni og vinnusemi í æfingum og leikjum.
- Getur skilið einfaldar leikreglur og tekið þátt í leikjum.
- Getur skilið mikilvægi leikreglna og farið eftir þeim.

Heilsa og heilsuefning

- Getur tekið þátt í skipulagðri útivist í náttúrunni og áttað sig á og varast hættur sem fylgt geta.
- Getur tekið þátt í heilsurækt í nærumhverfi.
- Getur gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum eða æfingum.
- Getur tekið þátt í leikjum.

Öryggi og hreinlæti

- Þekkt til helstu öryggisreglna í skólaíþróttum.
- Getur gert viðvart ef óhapp verður.
- Getur skilið mikilvægi hreinlætis í tengslum við allar íþróttir.

Bekkjarnámskrá Upplýsinga- og tæknimennt – 1. bekkur
Skólaárið 2025- 2026



Kennari: Jovana Dedeic

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið

Að nemendur geti:

- Skráð sig inn í iPad
- Farið á milli appa og unnið sjálfstætt
- umgengist iPada.

Námsefni

Verkefni í iPad.

Kennsluaðferðir

Bein kennsla, nemendur vinna sjálfstætt eftir fyrirmælum frá kennara og fá aðstoð eftir þörfum.

Námsmat

Mat á frammistöðu í tímum.

Hæfniviðmið – námsþættir

Upplýsinga- og miðlalæsi

- Getur leitað að og valið viðeigandi upplýsingar og stafrænt efni.

Sköpun og miðlun

- Getur tekið ljósmyndir og stutt myndskreið.

- Getur nýtt tæki og hugbúnað við myndsköpun.
- Getur nýtt hugbúnað í einfalda hljóðvinnslu.
- Getur nýtt hugbúnað við einfalda netmiðlun.

Stafræn borgaravitund

- Getur beitt góðri líkamsstöðu við notkun stafrænnar tækni og útskýrt muninn á jákvæðum og neikvæðum skjátíma og sagt frá hvernig notkun stafrænna miðla getur haft áhrif á líðan.
- Getur gert sér grein fyrir mikilvægi þess að leita til fullorðinna ef hætta eða áreiti skapast á netinu.
- Getur þekkt hugtakið neteinelti og einfaldar reglur í samskiptum og myndbirtingum á netinu og þekkt leiðir til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti.

Launsaleit

- Getur nefnt dæmi um einfaldan stafrænan stuðning í námi.
- Getur þekkt ýmsan hugbúnað og tæki og nýtt þau til að leysa einfaldar þrautir.